

Fundargerð

Stjórnarfundur í félagi lóðarhafa Kiðjabergi

Fundur stjórnar 25. júlí 2021 kl. 13:15 haldinn í Kiðjabergi.

Mættir voru: Snjólfur Ólafsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Kristín Eysteinsdóttir og Bergur Sandholt.

1. Verkaskipting stjórnar Snjólfur formaður, Gunnsteinn ritari og Kristín gjaldkeri.
2. Snjólfur og Kristín gerðu grein fyrir leiðréttingum sem gerðar voru á reikningum félagsins fyrir síðasta starfsár. Leiðréttingarnar voru einkum vegna afskrifta af vatnsveitu.
3. Gerð var grein fyrir uppgjöri á skuldabréfi við Meistarfélag Húsasmiða. Gjaldkeri hefur greitt upp skuldabréfið.
4. Lagfæring á vegum. Gunnsteinn og Bergur hafa farið yfir fyrirhugaðar framkvæmdir með verktaka og beðið er eftir tilboði í verkið. Fyrirhugað er að ráðast í framkvæmdir í haust.
5. Snjólfur hefur rætt um lagfæringar á stígum við forsvarsmenn golfklúbbsins og gert er ráð fyrir að fara í framkvæmdir við þá síðsumars.
6. Vatnsveitan. Stjórn hafa borist góðar tillögur og ábendingar varðandi vatnsveituna frá Snorra Hafsteinssyni. Stjórn ákvað að Gunnsteinn og Bergur muni vinna málið áfram í samstarfi við þá aðila sem best þekkja til.
7. Stjórn ræddi stöðu hitaveitumála. Upplýst var að unnið er að viðgerðum á hitaveitunni á vegum sveitafélagsins og ætti staðan því að batna fyrir næsta vetur.
8. Formaður mun senda bréf á lóðarhafa fljótlega þar sem gerð verður grein fyrir stöðu helstu mála.

Fundi slitið kl. 14:30

Gunnsteinn Sigurðsson ritari